

07.14

YEIRLÝSING FRÅ KVENNALISTIANUM

Kvennalistakonur fagna frumkvæði fiskvinnslukvenna í því brýna hagsmunamáli allra landsmanna að skattleysismörk verði hækkuð. Skattbyrði fólkis með lágar tekjur og meðaltekkjur er komin langt úr hófi fram og þarfust gagngerðra breytingar. Skattleysismörk eru í engu samræmi við framfærslukostnað einstaklinga, nauðsynjavörur eru skattlagðar eins og lúxusvörur, og ekki tillit er tekið til þess kostnaðar sem fylgir heimilisrekstri. Kvennalistakonur hafa ávallt lagt áherslu á að dagvinnulaun dugi til viðunandi framfærslu, að skattleysismörk miðist við framfærslu og að nauðsynjavörur eins og matvæli séu ekki skattlagðar.

Það er eðlilegt, að fjölmenn stétt fiskvinnslufólks, að miklum meirihluta konur, risi upp til að mótmæla launa- og skattakerfi, sem er langt frá því að tryggja þeim ráðstöfunartekjur í samræmi við vinnuframlag.

Kvennalistakonur senda fiskvinnslufólki baráttukveðjur með þá ósk og von í huga, að þetta grasrótarfrumkvæði leiði til viðtekrarar samstöðu um bætt kjör og betra skattkerfi.

KVENNALISTINN

20. mars 1991

Auglýsing 2var sinnum í hádegi 20. mars:

Fiskvinnslufólk um land allt.

Stöndum saman um almenna hækjun skattleysismarka.

Kvennalistinn.